



Reykjavík, 11. mars 2025
SFS24110083

Ráðhús Reykjavíkur
Borgarráð

Efni: Skipulagsbreyting stjórnunar í Dalskóla í Úlfarsárdal

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 10. mars 2025 var lögð fram svohljóðandi tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 6. febrúar 2025, ásamt minnisblaði sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 6. febrúar 2025, varðandi umsagnir um tillöguna:

Lagt er til að starfseiningar Dalskóla; annarsvegar grunnskóli og frístundaheimili og hinsvegar leikskóli verði aðgreindar frá og með skólaárinu 2025 - 2026. Grunnskólinn verður eftir sem áður fyrir nemendur í 1. – 10. bekk og verði frístundaheimili samrekið með grunnskólanum. Óbreytt er að leikskólinn er fyrir börn á aldrinum 12 mánaða til 6 ára. Við hvorn skólann verði skólastjóri. Báðar stöður verði auglýstar á vormánuðum 2025. Við breytinguna njóti skólarnir stuðnings vinnuhóps sem vinnur að farsælum aðskilnaði eininganna. Hópurinn verði skipaður núverandi skólastjórnendum, fulltrúum í skólaráði (foreldra, kennara, starfsmanna og nemenda), fulltrúa frá mannauðsþjónustu, skrifstofa grunnskólamála, skrifstofu leikskólamála og fjármálaþjónustu skóla- og frístundasviðs. Lagt er til að hópurinn taki til starfa nú þegar og starfi þar til breytingarnar hafa formlega gengið eftir. Staðsetning stjórnunar frístundaheimilisins verði skoðuð sérstaklega, hvort frístundaheimilið heyri áfram undir grunnskólann eða færist undir stjórn frístundamiðstöðvarinnar Brúarinnar. Niðurstöður þeirrar skoðunar verði lagðar fyrir skóla- og frístundaráð.

Greinargerð fylgdi.

Tillagan var samþykkt og vísað til borgarráðs.
Tillöggunni er hér með vísað til borgarráðs.

Virðingarfyllt

Steinn Jóhannsson
sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Hjálagt:
Tillaga ásamt greinargerð, dags. 6. febrúar 2025
Minnisblað, dags. 6. febrúar 2025



Reykjavík, 6. febrúar 2025

SFS24110083

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

TILLAGA

Breytingartillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs um skiplagsbreytingar í Dalskóla

Lagt er til að starfseiningar Dalskóla; annarsvegar grunnskóli og frístundaheimili og hinsvegar leikskóli verði aðgreindar frá og með skólaárinu 2025 - 2026. Grunnskólinn verður eftir sem áður fyrir nemendur í 1. – 10. bekk og verði frístundaheimili samrekið með grunnskólanum. Óbreytt er að leikskólinn er fyrir börn á aldrinum 12 mánaða til 6 ára. Við hvorn skólann verði skólastjóri. Báðar stöður verði auglýstar á vormánuðum 2025.

Við breytinguna njóti skólarnir stuðnings vinnuhóps sem vinnur að farsælum aðskilnaði eininganna. Hópurinn verði skipaður núverandi skólastjórnendum, fulltrúum í skólaráði (foreldra, kennara, starfsmanna og nemenda), fulltrúa frá mannauðsþjónustu, skrifstofa grunnskólamála, skrifstofu leikskólamála og fjármálþjónustu skóla- og frístundasviðs. Lagt er til að hópurinn taki til starfa nú þegar og starfi þar til breytingarnar hafa formlega gengið eftir.

Staðsetning stjórnunar frístundaheimilisins verði skoðuð sérstaklega, hvort frístundaheimilið heyri áfram undir grunnskólann eða færist undir stjórn frístundamiðstöðvarinnar Brúarinnar. Niðurstöður þeirrar skoðunar verði lagðar fyrir skóla- og frístundaráð.

Greinargerð:

Dalskóli er samrekinn leik- og grunnskóli og frístundaheimili sem hóf starfsemi haustið 2010. Dalskóli er með 166 börn í vistun í leikskólahluta og rúmlega 500 nemendur í grunnskólahluta, 92 börn eru skráð í frístundaheimili skólans. Skólastarf er í tveimur byggingum í Úlfarsárdal, leikskóli fyrir yngstu árganga í annarri byggingunni og bæði skólastig í hinni byggingunni. Frístundaheimili er starfrækt í grunnskólahluta Dalskóla.

Dalskóli er með fjölmennari skólum í Reykjavík. Stjórnunarspönn er umfangsmikil bæði faglega og rekstrarlega. Heimild fyrir aðstoðarstjórnendum á báðum skólastigum gefur tækifæri til að dreifa verkefnum en þó helst á sviði mannauðs og innra starfs. Verkefni skólastjóra eru viðamikil og þarf mikla yfirsýn, bæði vegna stórrar stjórnunarspannar og einnig vegna samvinnu við aðra starfsemi í byggingunni s.s. menningarhús og sundlaug.

Í dag er faglega gert ráð fyrir að skólastjóri fari með ábyrgð á starfsemi 15 árganga. Hann þarf að stuðla að því að starfsemin sé í samræmi við lög, reglugerðir, menntastefnu Reykjavíkurborgar og aðrar stefnur borgarinnar og ríkisins í menntamálum. Þetta var vel



Reykjavík



hægt þegar Dalskóli var stofnaður og mun færri nemendur voru skráðir í skólann. En með hraðri fjölgun nemenda í dalnum hefur utanumhald orðið meira krefjandi.

Skólastjóri Dalskóla lét af störfum um áramót. Gengið hefur verið frá tímabundinni ráðningu stjórnanda til loka þessa skólaárs. Hér skapast því tækifæri ef ákvörðun er tekin um skipulagsbreytingu í stjórnun skólans. Með breytingum á rekstrarformi skólans aukast tækifæri til rýnis og aðhalds í rekstri.

Gert er ráð fyrir að með breytingunni verði skólastjóri á hvoru skólastiginu sem hafi betri yfirsýn, bæði faglega og rekstrarlega með stuðningi frá stoðþjónustum skóla- og frístundasviðs. Áfram er gert ráð fyrir faglegu samstarfi milli leik- og grunnskólans og rík áhersla á að byggja áfram á því öflugra fagstarfi sem Dalskóli hefur þróað á milli leik- og grunnskóla. Ennfremur verði áfram gott samstarf á milli leik- og grunnskólans við frístundaheimilið og félagsmiðstöðina sem hefur verið þróað á liðnum árum í samvinnu við menningarhúsið á staðnum. Einnig er áfram gert ráð fyrir samstarfi vegna skólamáltíða og umsjón húsnæðisins.

Gert er ráð fyrir að nýjar stöður stjórnenda verði auglýstar lausar til umsóknar á vormánuðum 2025.

Ekki er gert ráð fyrir auknum kostnaði vegna breytinganna.





Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Reykjavík, 6. febrúar 2025

SFS24110083

MINNISBLAÐ

Varðandi umsagnir um tillögu sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs vegna skipulagsbreytinga í Dalskóla

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 13. janúar 2025 var lögð fram svohljóðandi tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs um skipulagsbreytingar í starfseiningum Dalskóla.

Lagt er til að starfseiningar Dalskóla; annarsvegar grunnskóli og frístundaheimili og hinsvegar leikskóli verði aðgreindar frá og með skólaárinu 2025 - 2026. Grunnskólinn verður eftir sem áður fyrir nemendur í 1. – 10. bekk og verði frístundaheimili samrekið með grunnskólanum. Óbreytt er að leikskólinn er fyrir börn á aldrinum 12 mánaða til 6 ára. Við hvorn skólann verði skólastjóri. Báðar stöður verði auglýstar á vormánuðum 2025.

Við breytinguna njóti skólarnir stuðnings vinnuhóps sem vinnur að farsælum aðskilnaði eininganna. Hópurinn verði skipaður núverandi skólastjórnendum, fulltrúum í skólaráði (foreldra, kennara, starfsmanna og nemenda), fulltrúa frá mannauðsþjónustu, skrifstofa grunnskólamála, skrifstofu leikskólamála og fjármálaþjónustu skóla- og frístundasviðs. Lagt er til að hópurinn taki til starfa nú þegar og starfi þar til breytingarnar hafa formlega gengið eftir.

Á fundinum var samþykkt að óska eftir umsögnum skólaráðs Dalskóla, foreldrafélags Dalskóla, starfsmanna grunnskólahluta, leikskólahluta og frístundahluta Dalskóla og framkvæmdastjóra frístundamiðstöðva um tillöguna.

Umsagnir bárust frá öllum aðilum. Umsagnir voru allar nema ein jákvæðar gagnvart tillögunni um ofangreinda skipulagsbreytingu en einnig komu fram ábendingar um ýmsa þætti í starfi Dalskóla sem þarf að hafa í huga við breytinguna. Sjá nánar í umfjöllun um umsagnir hagaðila hér fyrir neðan:

Skólaráð Dalskóla:

Í umsögninni kemur fram að skólaráð er samþykkt því að aðgreina leikskólahluta frá grunnskóla og frístundahluta Dalskóla frá og með næsta skólaári. Þá vill skólaráðið koma á framfæri eftirfarandi varðandi tillögu Skóla- og frístundaráðs.

- Skólaráð hefur áhyggjur af húsnæðismálum næsta haust
- Nauðsynlegt að finna lausnir fyrir næsta skólaár, hvort sem það er að bæta við húsnæði fyrir grunnskólann eða leikskólann.
- Plássleysi í skólanum er farið að hafa áhrif á skólastarfið, ótækt að hafa um 60 nemendur í stofu sem hönnuð er fyrir 40-45 börn.
-



Reykjavík



Fram kemur í umsögninni að í Dalskóla hefur verið gott og mikið samstarf á milli elstu deildar leikskólahluta og 1. bekkjar. Skólaráð veit að fagfólk í báðum skólum mun sjá til þess að þetta góða samstarf haldi áfram. Þá hvetur skólaráðið til þess að aðgreiningin verði gerð í sátt og samlyndi og framkvæmdin verði þannig að hún henti bæði grunn- og frístundahlutanum og leikskólahluta. Það megi ekki halla á annan skólann.

Starfsmenn grunnskólahluta Dalskóla:

Í umsögninni kemur fram að talið er betra sé að hafa tvo skólastjóra, einn yfir hvoru skólastigi. Einnig að passa þurfi upp á samstarfið á milli 5 ára barna og 1. bekkjar. Í Dalskóla sé mikil samfella á milli skólastiga. Elstu börn leikskóla séu í hringekjustarfi með 1. bekk og fái einnig sundkennslu. Mikilvægt að þessi breyting hafi ekki neikvæð áhrif á leikskólabörnin. Starfsfólk þessara starfshópa er nú þegar skipt og er ekki að blandast. Skiptingin sé því ekki félagslega sársaukafull.

Lengstur tími í umræðu snerist um húsnæðismál og hvort grunnskólinn fengi þá aðstöðu sem leikskólinn hefur núna. Fram kom að starfsfólk væri einhuga í að full þörf væri á aukinni aðstöðu fyrir grunnskólann. Þá kom fram að samstarf grunnskólahluta Dalskóla og frístundaheimilisins Úlfabyggðar hefði alltaf verið farsælt og ánægja með að ekki eigi að slíta frístundina frá grunnskólahlutanum.

Starfsmenn leikskólahluta Dalskóla:

Í umsögninni kemur fram að starfsmenn eru samþykkir skipulagsbreytingunni og telja að þannig verði betri yfirsýn stjórnenda í hvorri stofnun og að hlutverk stjórnenda verði skýrara. Í umsögninni koma fram áhyggjur af húsnæðismálum fyrir næsta skólaár. En leikskólinn notar hluta af grunnskólahúsnæðinu fyrir elstu börnin í leikskólanum og óskað er eftir að leikskólinn fái að nýta rýmið áfram. Enn fremur er bent á að hlúa þurfi vel að þeim starfsmönnum leikskólahluta sem starfa í grunnskólahúsnæði Dalskóla og huga að stoðrymum fyrir þann hluta leikskólans.

Starfsmenn frístundahluta Dalskóla:

Í umsögn starfsmanna Úlfabyggðar kemur fram ánægja með samþættinguna við grunnskólann og telja að ekki eigi að aðskilja grunnskólahlutann frá frístundahlutanum. Dagleg samtöl, og samvinna við kennara og starfsmenn Dalskóla sé dýrmætt. Samstarf Úlfabyggðar og elstu leikskóladeildar Dalskóla hefur gengið vel og mikilvægt að halda áfram því góða samstarfi. Úlfabyggð hefur ekki farið varhluta af húsnæðisvandanum sem steðjar að starfsemi Dalskóla og hefur bitnað á starfsemi frístundaheimilisins. Vonast til að frístundaheimilið endurheimti hjartarými Úlfabyggðar með þessum skipulagsbreytingum

Foreldrafélag Dalskóla:

Í umsögn kemur fram að Foreldrafélag Dalskóla sér ekkert því til fyrirstöðu að aðgreining leik og grunnskóla eigi sér stað. Ef af verður af breytingu að þá er faglegt starf í leikskólanum þar sem hagur barnanna er í fyrsta sæti, þá er enginn munur á því frá hendi foreldrafélagsins hvort Dalskóli er rekinn sem ein eining, eða sem tvær. Einnig er bent á að kosturinn við að reka skólann sem tvær einingar er að stjórnendur leikskólans verða sýnilegri við daglegt starf í leikskólanum. Fram kemur einnig að almennt eru foreldrar mjög ánægðir með samvinnu á milli leikskóla, grunnskóla og frístundaheimilis. Þar sem





elstu börnin eru einu sinni í viku í stöðvavinnu saman á milli leik og grunnskóla. Þá er einnig bent á mikilvægi þess að halda góðri samvinnu áfram og að aðgreiningin verði gerð í sátt og samlyndi og framkvæmdin verði þannig að hún henti bæði grunn- og frístundahlutanum og leikskólahluta. Það megi ekki halla á annan skólann.

Framkvæmdastjórar frístundamiðstöðva:

Í umsögn framkvæmdastjóra frístundamiðstöðva kom fram ósk um að rekstur frístundaheimilisins Úlfabyggðar verði færður til frístundamið-stöðvarinnar Brúarinnar í takti við skipulag annars frístundastarfs á vegum SFS. Félagsmiðstöðin Fellið sem er starfrækt fyrir börn og unglinga í Dalskóla er rekin af frístundamiðstöðinni Brúnni. Framkvæmdastjórar telja ákjósanlegt að hefja skipulagsbreytingu á rekstrarfyrirkomulagi frístundaheimilisins Úlfabyggðar á sama tíma og fyrirhugað er að breyta leikskóla og grunnskóla í sjálfstæðar einingar. Forstöðumenn frístundaheimila eru faglegir leiðtogar frístundastarfs og heyra undir frístundamiðstöðvar í hverfunum sem svo tilheyra skóla- og frístundaþjónustu miðstöðva í Reykjavík.

